

Pétur Ingi Haraldsson,
Skipulagsfulltrúi
Dalbraut 12
840 Laugarvatn



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 21. júní 2013
Tilvísun: UST20130500039/ksj

Tillaga að breytingu á deiliskipulagi á landi Reykjalundar að Reykjanesi í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps er barst 14. maí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á deiliskipulagi Reykjanes í Grímsnes- og Grafningshreppi á svæði sem nær yfir garðyrkjubýlið Reykjalund.

Staðhættir

Reykjalundur er lögbýli og þar er rekið garðyrkjubýli. Sá hluti býlisins sem deiliskipulagsbreytingin nær til er 8 ha að stærð. Á ofangreindu svæði er áætlað að byggja tvö ný íbúðarhús, stakt gróðurhús og 4 sambyggð gróðurhús. Auk þess er áætlað að byggja við gamalt íbúðarhús.

Náttúruminjasvæði

Reykjanes, þar sem ofangreindar framkvæmdir eru áætlaðar er á svæði nr. 767 á náttúruminjaskrá. Í skránni segir: „*Reykjanes, Grímsneshreppi, Árnessýslu. Reykjanes utan ræktaðs lands. Heillegt fjölbreytilegt votlendi. Þar finnst jarðhiti sem skapar skilyrði fyrir sérstætt gróðurfar. Mikið fuglalíf á öllum tímum árs.*“

Umhverfisstofnun bendir einnig á að skv. 37. gr. laga um náttúruvernd nr. 44/1999 njóta mýrar og flóar, 3 hektarar að stærð eða stærri sérstakrar verndar skv. 37. gr. laga um náttúruvernd nr. 44/1999, og skal forðast röskun þeirra eins og kostur er. Umhverfisstofnun telur því afar mikilvægt að þess sé gætt, að raska ekki votlendissvæðum er falla undir ofangreinda grein í lögum um náttúruvernd þegar framkvæmt er á svæðinu.

Umhverfisstofnun bendir á að þar sem skurðir hafa verið grafnir á svæði Reykjalundar til að þurrka land, þar er mikilvægt að endurheimta votlendi þar sem því verður við komið.

Virðingarfyllst

Kristín S. Jónsdóttir
Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur

Björn Stefánsson
Björn Stefánsson
Sérfræðingur